

Nr. 1224

15. desember 2008

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag vegna þjóðgarðsmiðstöðvar, Hellissandi, Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 20. nóvember 2008 deiliskipulag vegna þjóðgarðsmiðstöðvar, Hellissandi, Snæfellsbæ.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir þjónustumiðstöð fyrir þjóðgarðinn Snæfellsjökul sunnan Útnesvegar við Hellissand. Aðkoman er eftir afleggjara að tjaldsvæðum til suðurs frá Útnesvegi. Lóðin er rýmri en áður var gert ráð fyrir og eru bílastæði innan lóðarinnar. Bílastæði tjaldsvæðisins hafa verið endurskoðuð og löguð að yfirbragði þjóðgarðsmiðstöðvarinnar og geta stæðin samnýst. Gönguleiðir eru skilgreindar nánar og liggja frá bílastæðum að þjóðgarðsmiðstöðinni og um næsta nágrenni.

Deiliskipulagið hefur hlitið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 15. desember 2008.

Smári Björnsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 2. janúar 2009